

Samgönguáætlun 2019

Vegna fyrirhugaðrar upptöku veggjalda á þjóðvegum

Vegna fram komna tillagna um að taka upp innheimtu veggjalda vill ég undirritaður kvetja samgöngunefnd til að fara gaumgæfulega yfir þær áætlanir enda virðast þær í fljótu bragði vera illa ígrundaðar og varla til annar fallnar en að stækka báknið auka kostnað þeirra sem á samgöngu kerfinu að halda.

Uppbygging á innheimtu kerfi með myndavélakerfi og stofnun sérstaks fyrirtækis til rekstus þess getur valla talist skynsöm leið á tímum hraðra framfara og tækniþróunar og nokkuð víst að innan skamms tíma verður komið á markað mun einfaldari búnaður sem notast við senda í bílum og gerfihnattarsamband. Lántaka til framkvæmda á þeim tíma sem tekur að byggja upp þá vegi sem fyrirhugað er að innheimta gjaldið á virðist þá ekki betur til þess fallin að byggja upp á eins ódýran hátt og hægt er, enda sjálfsgagt mest hugsuð til þess að koma einhveru af hinni óhóflegu sjóðsöfnun sem hrjáir þessa þjóð í ávöxtun sem sagt láta lífeyrissjóði lána og umferðina borga í formi vaxta eins og að ávöxtunnarkrafa þeirra sé ekki nógu íþyngjandin nú þegar.

Er ekki nær að fara einfaldari leið úr því að það fjármagn sem nú þegar er innheimt af umferð er ekki nægjanlegt, svo óskiljanlegt sem það nú virðist enda ættu tekjur þær sem aukin umferð skapar að duga vel til. Legg ég til að bifreiðargjöld verð hækkuð sem nemur þeirri upphæð sem talin er þurfa til þegar búið er að taka til í regluverkinu og hjá Vegagerðinni, þar er margt sem betur má fara. Rafmagnsbílum svo og bílaleigum verði gert að greiða sérstakt gjald og með því næst jöfnuður og aukin þátttaka ferðamanna og ekki er þörf á nýu fyrirtæki, engin kostnaður af uppbyggingu myndavéla og engin lántaka byrja að borga strax og framkvæma fyrir það fé sem innheimtist.

Ef ætlunin er að taka upp veggjöld er lámarks krafa að önnur gjaldtaka víki svo sem eldsneyisgjöld. Veggjöld ofan á núverandi gjaldheimtu eru óásættanleg nema að um framkvæmd sem skilar notandanum hagræði og um leið léttir umferðarálag á þjóðvegum t.d. vegur yfir hálendið, helst raflest þar með væru ekki slegnar tvær flugur heldur heill hópur bæði með tilliti til umferðar, flutninga og umhverfismála einnig mætti samþætta með lagningu raforkuflutningsmanvirkja.

Það hlýtur að vera krafa okkar að farið sé vel með það fé sem innheimt er til uppbyggingar og viðhalds á samgöngukerfum okkar en ekki anað af stað og stóraukið í allan þann kostnað sem fylgir því að taka upp nýtt kerfi til innheimtu fjár af umferð förum því frekar í lausnir sem kosta minna og sjáum til hvert þróunin í orkumálum samgangna leiðir okkur en það er margt sem er mjög óljóst í þeim málum í dag. En um leið og við dokum við er varðar breytingar á gjaldheimtu á umferð skulum við taka til alvarlegrar skoðunnar langtíma lausnir í samgöngum og flutningum innanlands sem til langs tíma skapar mikið hagræði og skilar framtíðinni miklum ávinningi, er ekki ráð að binda eitthvað af allri þeirri sjóðsöfnun sem á sér stað í þjóðfélaginu í einhverju slíku frekar en að afhenda framtíðar kynslóðum samfélag með alla innviði í lamasessi. Hugsum til framtíðar og nýtum fjármuni okkar til að skapa hagræði ekki til að auka rekstrarkostnað eins og tillaga um niðurgreiðslur á innanlandsflugi gera, ekkert kerfi á Íslandi þar sem greiðendur á vöru/þjónustu eru ríkið annarsvegar og notandi hinsvegar, hafa virkað og nægir þar að nefna landbúnaðinn og auglýsingar/ljósvakamiðla þetta gerir ekkert annað en að eyðileggja alla eðlilega verðmyndun og eftir stendur ríkið með aukinn kostnað og neytandinn greiðir jafn mikið sá sem er ráðandi á markaðinum dregur til sín það sem bætt er í.

Guðlaugur Ásólfsson Litla Árskógi